

# LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI: 685620  
MYNDSSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 25. mars 1996

Umsögn laganefndar L.M.F.Í. um frv.  
til upplýsingalaga.

Alþingi  
Erindi nr. p 120 / 1252  
komudagur 26 / 3 1996

Stjórn LMFÍ hefur falið laganefnd félagsins að veita umsögn um frumvarp til upplýsingalaga, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Laganefnd hefur kynnt sér efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt. Fallast má á að lög um aðgang að upplýsingum hjá stjórnsýsluaðilum séu almennt til réttaröryggis.

Ljóst er að almenn lög um upplýsingar skarast að nokkru við þagnarskylduákvæði í ýmsum sérlögum, svo sem bent er á í frumvarpinu. Af þeim sökum er sérstaklega tekið fram í niðurlagi 2. gr., að *almenn ákvæði laga* um þagnarskyldu takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt frumvarpinu. Er hér gerður greinarmunur á almennum ákvæðum laga annars vegar og sérákvæðum laga hins vegar, þ.e. þegar þagnarskyldan er sérgreind. Ætla má að framangreind aðgreining í niðurlagi 2. gr. skapi talsverða óvissu við túlkun, þó svo að greinargerð með frumvarpinu varpi nokkru ljósi á það hvernig túlka skuli ákvæðið. Til athugunar er að skilgreina nánar í 2. gr. hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt, til að þagnarskylduákvæði annarra laga víkji fyrir ákvæðum upplýsingalaga.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar LMFÍ



Andri Árnason hrl.

Reykjavík, 25. mars 1996

Alþingi Íslendinga  
Nefndadeild  
Þórshamri  
150 Reykjavík

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1252*

*komudagur 26/3 1996*

**Efni: Umsagnir um lagafrumvörp.**

Með bréfi þessu fylgja umsagnir laganefndar L.M.F.Í. um frumvörp til laga um sammingsveð og upplýsingalaga, sem áður hafa verið send nefndadeildinni með bréfsíma, svo og frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (272. mál) og þingsályktunartillögu um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum (180. mál).

Tekið skal fram að stjórn L.M.F.Í. hefur ekki fjallað um frumvörpin eða umsagnirnar.

Virðingarfyllt



Marteinn Mátsson, framkv.stj.

Hjálagt:  
Umsagnir.